

Miðvikudaginn 3. febrúar 1965.

Nr. 42/1964. **Árni Aðalsteinsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök

(Sigurður Ólason hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bætur vegna frelsissviptingar, sbr. 151. gr. laga nr. 82/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. marz 1964. Hann hafði fengið gjafsókn í héraði og gjafsóknarleyfi hér fyrir dómi 20. marz 1964. Gerir hann þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 25.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 13. maí 1962 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. apríl 1964. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að krafa aðaláfrýjanda verði verulega lækkuð og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Aðaláfrýjandi er fæddur 22. ágúst 1943 og er því lög-ráða nú.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda bætur, kr. 5.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkis-

sjóði, þar á meðal málflutningslaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Árna Aðalsteinssyni, kr. 5.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum fá þeim degi til greiðsludags. Allur gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, er renni til talsmanns aðaláfrýjanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 10. janúar 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. desember s. l., hefur Helga Helgadóttir, Kirkjuvegi 19, Hafnarfirði, f. h. ólöggráða sonar síns, Árna Aðalsteinssonar, s. st., höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 8. október 1962, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 25.000.00, með 8% ársvöxtum frá 13. maí 1962 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. júlí 1962, veitt gjafsókn í máli þessu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi hefur og stefnt saksóknara ríkisins vegna ríkisvaldsins til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Hafnarfirði eru tildrög máls þessa sem hér segir:

Sunnudaginn 13. maí 1962, kl. 2335, kom Erlendur Indriðason, Skúlaskeiði í Hafnarfirði, á lögregluvarðstofuna þar og kvartaði yfir ólátum og óknyttum, sem nokkrir piltar hefðu í frammi inni í söluskála, sem hann rekur við Vesturgötu í Hafnarfirði, og fyrir utan hann. Kvað hann piltana hafa unnið spjöll

á söluskálanum. Hann kvað viðskiptamenn hafa hrökklast í burtu vegna óláta piltanna, sem bæði hefðu stappað í gólfið og lamið skálann að utan, svo að mikil háreysti varð af. Loks hefði hann sjálfur ekki getað haldizt lengur við inni í skálanum. Því lokaði hann skálanum og kærði atferli piltanna til lögreglunnar. Sérstaklega nafngreindi hann fjóra pilta, sem þarna hefðu verið að verki. Lögreglan hófst þegar handa um rannsókn í máli þessu, og kl. 0005 komu tveir lögreglumenn á varðstofuna með tvo pilta, Harald Ingvarsson, er var einn þeirra pilta, sem Erlendur hafði nafngreint, og Árna Aðalsteinsson. Þar sem þeir höfðu báðir kannazt við að hafa komið að umræddum skála þá um kvöldið, voru þeir fluttir á varðstofuna. Meðan varðstjóri skrapp frá stutta stund, voru piltarnir geymdir í klefum á varðstofunni. Varðstjóri kom aftur inn kl. 0030 og tók þá þegar til yfirheyrslu Harald Ingvarsson. Viðurkenndi hann að hafa tekið þátt í ólátunum við skála Erlends þá fyrr um kvöldið. Síðan hafði varðstjóri tal af Árna Aðalsteinssyni, en hann kvaðst ekkert saknæmt hafa gert við skála Erlends þetta kvöld eða önnur. Var piltunum að því búnu leyft að fara heim.

Árni Aðalsteinsson hefur skýrt svo frá, að umrætt kvöld hafi hann gengið út sér til skemmtunar. Hafi hann m. a. komið að skála Erlends Indriðasonar, sem hann kveðst þekkja vel og oft hafa aðstoðað við afgreiðslu. Hann hafi verið á leið heim til sín kl. rúmlega 23 og gengið upp Vesturbraut. Hafi þá tveir lögreglumenn komið í lögreglubifreið og spurt, hvort hann hefði verið í „sjoppunni“ hjá Erlendi. Kvaðst hann koma þar daglega. Lögreglumennirnir hafi þá skipað sér upp í bifreiðina. Ekki mótmælti hann því. Í bifreiðinni var fyrir Haraldur Ingvarsson. Var síðan ekið til lögregluvarðstofu. Er þangað kom, kveður Árni annan lögreglumanninn hafa komizt svo að orði við varðstjóra, að þeir væru komnir með „sökudólgana“. Varðstjóri mælti síðan svo fyrir, að þeir skyldu settir í klefa, og voru þeir settir sinn í hvorn klefann. Hurð klefans, sem Árni var settur í, varð ekki opnuð innan frá, en í klefanum var ljós, og honum varð ekki kalt þar. Ekki mótmælti Árni því að vera látinn í klefann. Hann telur sig hafa verið í klefanum í um það bil eina klukkustund. Er honum var sleppt út, var búið að sleppa Haraldi. Ekki kveður Árni neina frekari yfirheyrslu þá hafa farið fram, en honum hafi verið sagt, að hann mætti fara heim. Kveðst hann hafa spurzt fyrir um ástæðuna fyrir þessari meðferð, og hafi sér verið tjáð, að mistök hafi átt sér stað. Hann hafi þá

spurt, hvort ekki ætti að biðja sig afsökunar á þessu, en verið svarað því til, að þetta kæmi oft fyrir.

Lögreglumennirnir Ólafur Kristberg Guðmundsson og Steingrímur Helgi Atlason skýra svo frá, að þeir hafi hitt Árna á Vesturbraut. Kveður Ólafur Kristberg þá hafa spurt Árna, hvort hann hefði verið við skála Erlends þá fyrr um kvöldið, og hafi hann játað því. Báðu þeir hann síðan að koma með sér á lögregluvarðstofuna, og varð hann við þeirri beiðni. Var ekið þangað, og var fyrrnefndur Haraldur Ingvarsson með í bifreiðinni. Skýrðu þeir varðstjóranum frá því, að þeir væru komnir með pilta, sem verið hefðu við skála Erlends. Varðstjóri, sem þurfti að bregða sér frá stutta stund, lagði þá svo fyrir, að piltarnir skyldu geymdir, meðan hann væri fjarverandi, og voru þeir látnir í klefa.

Gísli Sigurðsson varðstjóri hafði með höndum lögreglurannsókn í máli þessu. Er lögreglumennirnir komu með piltanna inn á varðstofu, kveður hann þá hafa sagt sér, að piltarnir hefðu báðir játað að hafa verið við skála Erlends, þegar lætin voru þar. Fyrirfram hafi hann ekki vitað, hve langan tíma það tæki að taka skýrslu af piltunum, og því hafi hann ákveðið að fá sér miðnæturbressingu, áður en hann talaði við piltana, en lögreglumennirnir fái sér venjulega hressingu milli kl. 23 og 24. Ákvað hann, að piltarnir skyldu geymdir, þar til hann kæmi aftur. Er hann kom aftur um 20 mínútum síðar, tók hann fyrst skýrslu af Haraldi, sem upplýsti, hverjir hefðu verið valdir að ólátunum, og þá jafnframt, að Árni hefði ekki tekið þátt í þeim. Síðan kveðst varðstjóri hafa talað við Árna. Hafi Árni viðurkennt, að hafa verið við skála Erlends, er ólætin áttu sér stað, en ekki hefði hann tekið þátt í þeim. Var þeim Árna og Haraldi síðan leyft að fara.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að Árni hafi verið beittur ólöglegri handtöku og frelsissviptingu, og sé meðferð þessi á honum öll gersamlega að tilefnislausu, enda hafi lögreglan ekkert sökótt átt við hann. Því hefur stefnandi krafizt bóta úr ríkissjóði vegna þess miska, sem aðgerðirnar hafa valdið Árna.

Stefndi reisir sína sýknukröfu á eftirfarandi: Við rannsókn út af áðurgreindum óspektum er Árni tekinn til yfirheyrslu, og þótti nauðsynlegt að einangra piltana hvorn frá öðrum, svo að þeir gætu ekki borið sig saman. Var Árni því geymdur í gæzluklefa stutta stund. Þetta geti ekki talizt mistök, heldur nánast fyrirkomulagsatriði um rannsókn, enda hafi Árni ekki sætt neinum harðræðum. Út frá löggæzlusjónarmiðum hljóti lögreglan

að mega og oft á tíðum þurfa að hefta vitni og grunaða menn á þenna hátt. Geti slíkt ekki varðað við lög né bakað skaðabóta-skyldu, ef ekki sé farið út fyrir öll eðlileg takmörk.

Samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu, verður ekki séð, að lögreglan hafi haft Árna grunaðan um þátttöku í óspektum þeim, sem rannsóknin beindist að. Þar sem telja verður, að lögreglumennirnir hafi haft ástæðu til að ætla, að Árni gæti veitt upplýsingar við rannsókn málsins, og þar sem lögregluvarðstofan var eigi langt undan, þá verður þó ekki talið, að lögreglumennirnir hafi gerzt ámælisverðir í starfi sínu, þótt þeir hafi fengið hann til þess að koma með sér á varðstofuna, enda beittu lögreglumennirnir Árna ekki valdi, né hafði hann þá þegar uppi nokkrar mótbúrur við því að fylgja lögreglumönnum. Hins vegar verður að telja, að skort hafi skilyrði fyrir þeirri frelsis-sviptingu, sem Árni var beittur. Þar sé um að ræða mistök af hálfu lögreglunnar, sem stefndi beri fébótaábyrgð á. Því ber stefnda að bæta stefnanda það tjón, sem Árni kann að hafa beðið vegna hinnar ólögsmætu gæzluvistar, sbr. 151. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála.

Þegar lítið er til alls þess, sem hér að framan er rakið, svo og ungs aldurs Árna Aðalsteinssonar, þá þykja bætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 3.500.00, sem greiðist með 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til greiðsludags. Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00, og renni hann til skipaðs talsmanns stefnanda.

Ólafur W. Stefánsson setubæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Helgu Helgadóttur f. h. Árna Aðalsteinssonar, kr. 3.500.00 með 7% ársvöxtum frá 14. maí 1962 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, er renni til skipaðs talsmanns stefnanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.